

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 191/2018

2021/EES/15/19

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1936 frá 18. október 2017 um tafarlaugar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun forefna sprengiefna ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir 6. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013) í XXIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilar taka mið af inntaki eftirfarandi gerða:

1. **32017 H 1936:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1936 frá 18. október 2017 um tafarlaugar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun forefna sprengiefna (Stjtið. ESB L 273, 24.10.2017, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla (ESB) 2017/1936, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 273, 24.10.2017, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.